

Dags: 14.10.2020

Tímabil: Þriðji ársfjórðungur

júlí-september 2020

Efling - stéttarfélag · Kjaramálasvið

Ársfjórðungsskýrsla

Lykiltölur - samskipti

Heimsóknir	677
Tölvupóstar	Um 1.300
Símtöl	3.553

Lykiltölur - launakröfur & erindi

Fjöldi nýskráðra mála	263
Þar af launakröfur	87
Þar af í þrotabú	26
Heildarupphæð launakrafna	65,5 m.
Þar af í þrotabú	22 m.
Fyrirvaralausar uppsagnir, fjöldi mála	24
Fjöldi útsendra bréfa vegna annarra réttindabrota	81

Kjaramálasvið veitti félagsmönnum 677 viðtöl í húsnaði Eflingar á tímabilinu. Vegna 9 daga lokunar skrifstofunnar vegna Covid-19 voru viðtöl færri í ágúst. Erindum í tölvupósti fjölgaði úr um 900 á sama tíma í fyrra í um 1.300 nú. Alls tóku starfsmenn sviðsins við 3.553 símtölum frá félagsmönnum á tímabilinu.

Starfsmenn Kjaramálasviðs tóku að sér að aðstoða Eflingarfélagi við 263 nýskráð mál á tímabilinu.

Útsendum launakröfum fækkaði milli ársfjórðunga úr 128 í 87 og fór heildarupphæð úr 104 í 65,5 milljónir. Þetta skýrist að hluta til af sumarleyfum dómstóla, sumarleyfum starfsfólks Eflingar og tímabundinni lokun móttöku Eflingar vegna kórónaveirufaraldursins.

Af launakröfum voru 26 í þrotabú, samtals upp á 22 milljónir, samanborið við 44 og 47,5 milljónir á öðrum ársfjórðungi. Fækkun fólks á vinnumarkaði kann að hafa stuðlað að fækkun launakrafna en einnig gæti kröfum átt eftir að fjölga á síðasta ársfjórðungi ársins.

Starfsmenn aðstoðuðu 24 félagsmenn vegna fyrirvaralausra uppsagna. Alls voru þær 107 á fyrstu þremur ársfjórðungum 2020 til samanburðar við 114 allt árið 2019. Líkur eru á því að meira verði um fyrirvaralausar uppsagnir á árinu heldur en á liðnu ári.

Starfsmenn sendu út 81 bréf til fyrirtækja og stofnana vegna ýmis konar réttindabrota, annarra en launa og fyrirvaralausra uppsagna.

Fyrirtæki

Rekstraraðilar með fleiri en 10 opnar launakröfur hjá Kjaramálasviði eru þessir:

Nafn	Heiti í fyrirtækjaskrá	Kennitala/tölur	Fjöldi launakrafna	Heildarupphæð launakrafna
Bryggjan-brugghús	Bar ehf.	510515-1020	23	27.421.937 kr.
City Park Hotel Ármúla	City Park Hotel ehf.	631215-1220	11	9.919.769 kr.
Capital-Inn Suðurhlíð	Capital Hotels ehf.	690208-0320		
Messinn	Krossalind ehf. L6 ehf. 22 niðri ehf.	680711-0890 520620-0870 620513-1560	13	5.333.618 kr.

Athugasemdir:

Á ársfjórðungnum hefur Kjaramálasvið fengið vitneskju um nokkra rekstraraðila sem hafa farið í gjaldþrot með vangoldin laun en hafið sams konar starfsemi á nýrri kennitölu. Algengt er að þessir rekstraraðilar ráði aftur til sín starfsmenn úr gjaldþrota fyrirtækjum sínum án þess að hafa gert upp við þá eldri launakröfur. Oft falla launakröfur á Ábyrgðarsjóð launa sem þýðir að langan tíma getur tekið fyrir starfsmenn að innheimta vangoldin laun fyrir störf sín í fyrra fyrirtæki.

Dæmi um þetta er veitingastaðurinn **Primo í Þingholtsstræti 1** sem hefur verið skráður hjá fyrirtækja-

skrá undir tveimur heitum sem í dag eru gjaldþrota og með útstandandi launakröfur frá Eflingu (Harrow house ehf. kt. 600511-0840 og Ítalskt ehf. kt. 520912-1260). Í dag er veitingastaðurinn í rekstri sömu aðila en á á nýrri kennitölu (Garda ehf. kt. 490720-1460).

Annað dæmi er þrifafyrirtækið **Topp þrif** sem hefur verið skráð undir nöfnunum Tipp Topp þrif ehf. (kt. 430518-1270) og N 32 þrif ehf. (kt. 560519-0600). Í dag er það í rekstri undir heitinu Topp Þrif ehf. (kt. 491219-0840).